

um frumvarp til hafnarlaga fyrir Siglufjarðarkauptún.

Nefndin, sem háttvirt deild kaus til að athuga frumvarp þetta, hefir nú gert það eftir fóngum og kynt sjer ástæður málsins.

Þykjumst vjer sjá, að miklu máli geti skift fyrir Siglufjarðarkauptún og miklu atvinnu við síldveiðar, sem þar er nú rekin, að mannvirki þau komist í framkvæmd, sem í frumvarpinu ræðir um, og vildum að Alþingi styddi nokkuð að því.

Þó þykir oss málið ekki vera svo búið í hendur þingsins, að vjer getum ráðið til að ganga að því, eins og það liggur fyrir frá háttv. neðri deild.

Í frv., eins og það fyrst kom fram í háttv. neðri deild, var farið fram á, að úr landssjóði væri veitt til hafnargerðar á Siglufirði $\frac{1}{4}$ af áætluðum kostnaði, 150 þús., og tekin ábyrgð á $\frac{3}{4}$. — Nefndin, sem fjallaði um málið, sá ekki fært að mæla með fjárveitingunni, en lagði þó til, að landssjóður ábyrgðist alla upphæðina.

Málinu er beint til þingsins af þrem mönnum í hafnarnefnd á Siglufirði, en fyrir liggur engin umsögn nje meðmæli frá hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps eða sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu. Þykir oss ekki mega ganga fram hjá sýslunefnd um jafn mikilvægt mál, og ekki rjett, að vikja frá þeirri annars venjulegu reglu, að Alþingi áskilji ábyrgð hennar, sem sönnun og trygging fyrir, að henni þyki gerlegt og áhættulítið að ráðast í svo kostnaðarsamt fyrirtæki, því að þótt atvinnureksturinn sje nú mikill, þá er hann rekinn að miklu leyti af útlendingum, sem hverfa burtu, er minst varir, ef veiðin minkaði að mun um nokkurt árabil, sem ekki er óhugsandi að komi fyrir, og yrði þá ofvaxið fyrir einn hrepp, að standa straum af svo hárrí lantöku, sem frumvarpið fer fram á.

Þó þykir oss ekki rjett, að Alþingi vísi málinu frá sier, þangað til meðmæli og ábyrgð sýslunefndar liggur fyrir, en að frumvarpinu sje snúið í það horf, að slík ábyrgð sje áskilin og afskifti sýslunefndar, til tryggingar og eftirlits með hagnýtingu og meðferð svo mikillar fjárhæðar.

Væri nokkur tregða á þeirri þáttöku af hálfu sýslunefndar, sem eðlilega hefir fleiri skilyrði til að hafa nægan kunnugleik á því efni, sem hjer um ræðir, mundi oss þykja leika meiri vafi á, að rjett sje, að Alþingi bindi landssjóð í svo mikla ábyrgð, sem gæti að meira eða minna leyti orðið sama sem endanleg fjárveiting, ef út af bæri.

Viljum vjer því ráða til nokkurra breytinga á frumvarpinu, þeirra er hjer fara á eftir, og leggja til að háttv. deild samþykki frumvarpið með þeim breytingum.

BREYTINGARTILLOGUR :

1. Við 1. grein.

Aftan við greinina bætist:

Á Siglufirði gegn ábyrgð sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu.

2. Við 3. grein.
Í stað »Stjórnarráðsins« komi:
sýslunefndar.
Og í stað »Stjórnarráðsins« komi:
sýslunefndarinnar.
3. Við 4. grein.
Framan af greininni falli orðin:
»Þau afskifti Hvanneyrarhrepp snertir«.
4. Við 4. grein.
Í stað »Stjórnarráðs Íslands« komi:
Sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu.
5. Við 8. grein.
Í stað »Stjórnarráðsins« komi:
sýslunefndarinnar.
6. Við 9. grein.
Á eftir orðunum í næst síðustu málsgrein: »Stjórnarráð Íslands staðfestir« komi:
að fengnum tillögum sýslunefndar.
7. Við 10. grein.
Í stað »10. gr.« á tveim stöðum í greininni komi:
9. gr.
8. Við 12., 13., 14. og 15. grein.
Í stað orðanna »Stjórnarráðinu« og »Stjórnarráðsins« á sex stöðum í þessum greinum komi:
sýslunefndinni og sýslunefndarinnar.
9. Við 16. grein.
Í stað orðanna: »er hreppsnefndin staðfestir« komi:
þeirri er um ræðir í 9. grein.

Efri deild Alþingis, 31. ágúst 1915.

Sigurður Stefánsson,
formaður.

Kristinn Danielsson,
skrifari og framsögumaður

Hákon J. Kristófersson.